

Íslenska

kennslubók í málvísi og ljóðlist

(Gorma)

e. Jón Norland og Gunnlaug V. Snævarr

Málnotkun
- orðaforði íslensku -

Orðaforði íslensku

(Gorma bls. 154-159)

Erfðaorð

- Þau orð málsins sem voru í tungu landnámsmanna er þeir sigldu hingað.
- Meðal þeirra eru flest algengustu orð málsins.

Orðaforði íslensku – frh.

Nýyrði

- Þau orð sem mynduð hafa verið eftir landnám úr stofnum erfðaorðanna.
- T.d. er tölva nýyrði, myndað af orðinu tala.

Orðaforði íslensku – frh.

Tökuorð

- Það eru erlend orð sem hafa verið tekin beint inn í málið en verið aðlöguð að hljóðkerfi og beygingarkerfi þess.
- M.a. bíll, jeppi, krem, kaffi og plast.
- Um tökuorð gegnir sama máli og nýyrði: Því nær sem þau eru okkur í tíma þeim mun auðveldara eigum við með að átta okkur á að þetta eru tökuorð.
- Hverri öld hafa fylgt tökuorð í einhverjum mæli sem flest hafa verið fallvölt og hverful og horfið fljótt úr málinu aftur. Sum hafa þó haldið velli og orðið hluti af almennum orðaforða málsins.

Orðaforði íslensku – frh.

Slettur

- Munurinn á tökuorðum og slettum er ekki augljós.
- Ef til vill má kalla þau orð tökuorð sem hafa öðlast viðurkenndan þegnrétt í málinu, falla vel að málkerfinu og eru þau orð sem almennt eru notuð um þau fyrirbæri sem þau tákna: T.d. sónn, plast, tónn.
- Slettur gætu þau orð þá talist sem óþarfi er að nota vegna þess að tungan á önnur orð um sömu fyrirbæri sem mynduð eru af íslenskum orðstofnum.

Íðorð = sérfræðiorð í tiltekinni fræðigreini